

Þriðjudaginn 8. mars 1977.

Nr. 41/1977. **Ákærvaldið**

gegn

Val Benjamín Bragasyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr og Logi Einarsson.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 1. þ. m., er barst Hæstarétti 4. s. m. Krefst varnaraðili þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi. Verjandi varnaraðilja hefur krafist málsvarnarlauna.

Eftir uppkvaðningu hins kærða úrskurðar hefur annar grunaður maður en sá, sem í úrskurðinum greinir, játað fyrir rannsóknarlögreglu þátttöku í innbroti í vöruskemmu Hafskips h/f. Einnig hann hefur borið varnaraðilja þeim sökum, að hann hafi átt hlut að innbrotinu.

Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann, sbr. 1. tl. 67. gr. laga nr. 74/1974.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 1. mars 1977.

Ár 1977, þriðjudaginn 1. mars, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var af Þóri Oddssyni aðalfulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Málsatvik.

Þann 23. janúar var rannsóknarlögreglunni í Reykjavík tilkynnt um innbrot í vöruskemmu Hafskips að Eiðsgranda hér í borg. Þar hafi verið stolið 31 kassa af erlendum bjór af tegundinni Löwenbraun.

Rökstuddur grunur er fyrir hendi, að kærði, Valur Benjamín Bragason, Skúlagötu 66, Reykjavík, hafi átt þátt í innbroti þessu ásamt þremur öðrum mönnum, enda liggur játning eins þeirra fyrir um þetta atriði.

Rannsókn máls þessa er ekki lokið, og þykir því nauðsyn til bera að úrskurða kærða í gæsluvarðhald, svo hann spilli ekki sakargögnum með óskertu frelsi og hafi áhrif á vitni og samseka, enda eru ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar ákvörðun þessari ekki til fyrirstöðu, þar sem brot það, sem hann er grunaður um, getur varðað hann fangelsisrefsingu skv. 244. gr. almennra hegningarlaga.

Ákveðst gæsluvarðhaldstíminn allt að 30 dögum.

Úrskurðarorð:

Kærði, Valur Benjamín Bragason, skal sæta gæsluvarðhaldi í allt að 30 dögum.

Mánudaginn 14. mars 1977.

Nr. 42/1977. **Ákærvaldið**
 gegn
Einari Sverri Einarssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús P. Torfason, Ármann Snævarr og Logi Einarsson.

Birgir Þormar, fulltrúi yfirsakadómarans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Varnaraðili hefur skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 með kæru 4. mars 1977, sem barst Hæstarétti 7. s. m. Hann krefst þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi. Einnig krefst hann kærumálskostnaðar.